



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2021

2104051SA KB
Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um frv. til l. um br. á lögum um grunn- og framhaldsskóla
(fagráð eineltismála), 716 mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla og lögum um framhaldsskóla (fagráð eineltismála), 716. mál.

Fyrirhugaðri lagasetningu er ætlað að styrkja lagastoð fagráðs eineltismála, kveða á um heimild ráðherra til að fela Menntamálastofnun eða öðrum aðila að annast umsýslu fagráðsins, tryggja heimild til vinnslu persónuupplýsingar og mæla fyrir um afhendingu gagna. Þá er í frumvarpinu mælt fyrir um undanþáguheimild frá stjórnarsýslulögum og upplýsingalögum sem gerir undanþágunefndinni kleift að takmarka aðgang aðila að gögnum ef það telur þau geta skaðað hagsmuni barns eða samband þess við aðra og á ákvæðið sér fyrirmynd í barnaverndarlögum.

Afstaða sambandsins

Sambandið er fylgjandi því að styrkja lagalega umgjörð fagráðs eineltismála, skýra málsmeðferð og stjórnarsýslulega stöðu ráðsins sem og heimildir þess til vinnslu og miðlun persónuupplýsinga.

Að mati sambandsins þarf þó að taka umgjörð um eineltismál til endurskoðunar og setja aukinn kraft í þann málaflokk. Samkvæmt rannsókn sem gerð var árið 2019 í skólum sem fylgja Olweusar-áætluninni eru [vísbendingar um að einelti sé að aukast](#) á ný í íslenskum grunnskólum. Þá er samkvæmt [ársskýrslu fagráðs eineltismála fyrir árið 2020](#) ljóst að fjöldi mála sem vísað er til fagráðsins er að aukast mjög. Þar að auki boðaði umboðsmaður barna til fundar með aðilum skólasamfélagsins nýverið til að ræða fjölda ábendinga og fyrirspurna sem embættinu berast vegna samskiptavanda sem komið hefur upp innan grunnskóla, oftast en ekki í kjölfar eineltis og ofbeldismála. Voru allir aðilar sammála um að aðgerða væri þörf.

Það getur verið afar snúið að takast á við eineltismál. Þau eru margslungin, oft miklar tilfinningar í spilunum, og þau krefjast mikillar samvinnu allra aðila, viðkomandi barna, foreldra eða forráðamanna bæði geranda og þolenda, skólans og jafnvel aðila íþróttar-, æskulýðs eða tómstundastarfs líka. Mikilvægt er að allir þessir aðilar finni til ábyrgðar á að leysa málin með farsælum hætti en ekki síður að hlustað sé á raddir barnanna sem því miður vill stundum gleymast þegar málin eru komin í hnút.

Það er þó til mikils að vinna, bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Áföll í barnæsku hafa mikið forspárgildi fyrir farsæld síðar á lífsleiðinni. Vitað er að langtímaafleiðingar eineltis geta verið mjög alvarlegar s.s. kvíði og þunglyndi sem getur leitt til verulegrar skerðingar á lífsgæðum einstaklinga og aukins kostnaðar fyrir samfélagið. Að verja fjármunum í forvarnir og bættan stuðning í eineltismálum er því líklegt til að skila sér margfalt til baka og stuðla að aukinni farsæld barna.

Í fyrrgreindri ársskýrslu fagráðs eineltismála segir m.a.:

„Meðlimir fagráðs eru sammála um að núverandi umgjörð hamli því að hægt sé að vinna að eineltismálum með þeim hætti sem nauðsynlegt er. Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir því að fagráðsmeðlimir sinni vinnu fagráðs meðfram sínu aðalstarfi, sem veldur því t.d. að erfitt er að bregðast við fyrirspurnum, sinna ráðgjöf og álitagerð eins hratt og nauðsynlegt er og eins og verklagsreglur gera ráð fyrir. Fagráð er sammála um að eðlilegra væri að um fastar stöður væri að ræða. Með því væri fagráð í mun betri aðstöðu til að sinna almennri ráðgjöf og upplýsingagjöf til skólasamfélagsins, sinna fræðslu í forvarnarskyni, t.a.m. haldið námskeið og fyrirlestra fyrir skólasamfélagið (foreldra, kennara og nemenda), lagt til ramma að og yfirfarið eineltisáætlanir fyrir skóla svo eitthvað sé nefnt. En ekki síður væri fagráð í mun betri aðstöðu til að veita skólasamfélaginu þann stuðning sem er nauðsynlegur í þeim málum sem vísað er til fagráðsins, þar sem hagsmunir barnanna eru ávallt í fyrirrúmi.“

Sambandið tekur undir þessar ábendingar fagráðsins og telur að styrkja þurfi það hlutverk fagráðsins er snýr að leiðbeiningum, upplýsingagjöf og ráðgjöf. Útgáfa ráðgefandi álitá hefur að mati sambandsins vegið of þungt í starfsemi þess. Ráðgefandi álit kallar á formlegri málsmeðferð og því miður er það oft svo að þegar óskað er eftir slíku álit er viðkomandi mál komið í alvarlegan hnút eða jafnvel formlega lokið. Þannig geta ráðgefandi álit fagráðsins orðið eins konar eftir á álit um úrlausn málsins frekar en að vera styðjandi við að leysa viðkomandi mál áður en í ófni er komið.

Í nýsamþykktari menntastefnu fyrir árin 2021-2030 er ein af meginstoðum stefnunnar „vellíðan í öndvegi“. Áherslupættir eru m.a. heilsuefning og forvarnir en í skýringum við þá liði segir:

“Mikilvægt er að fylgjast með líðan allra nemenda og bregðast skjótt við með viðeigandi aðgerðum í góðri samvinnu heimila, skóla og annarra fagaðila þegar vísbendingar koma fram um vanlíðan nemenda eða ofbeldi af einhverju tagi. Mikilvægt er að gætt sé að jafnréttissjónarmiðum og að nemendum stafi ekki ógn af andlegu, líkamlegu, kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi, áreitni og einelti. Í því sambandi er mikilvægi kynfræðslu áréttað. Leitað skal leiða til að stuðla að aukinni heilsuefningu á öllum skólastigum.”

“Á öllum skólastigum, skólagerðum og í frístundastarfi verður áhersla á forvarnir með kennslu og þjálfun í hegðunar-, félags- og tilfinningafærni til að styrkja nemendur. Þannig er einnig lagður grunnur að því að fyrirbyggja þróun óheilbrigðra samskipta og ofbeldis.”

Aukin áhersla á forvarnir og viðbrögð við einelti samrýmist því vel markmiðum menntastefnunnar og þeirri áherslu á snemmtækan stuðning sem er rauður þráður í gegnum farsældarfrumvarp félags- og barnamálaráðherra sem nú er til meðferðar á Alþingi (354. mál).


Árið 2010 kom út á vegum félags- og tryggingarmálaráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins [greinargerð um mögulegar aðgerðir gegn einelti í skólum og á vinnustöðum](#). Í kjölfarið var ráðist í ýmsar aðgerðir til að bæta stöðuna og margt sem heppnaðist vel. M.a. var gerður [Þjóðarsáttmáli gegn einelti](#) sem fjöldi opinberra aðila og félagasamtaka skrifaði undir. Þá hafa sveitarfélög og skólar víða um land unnið verulega gott starf til að sporna gegn einelti og takast á við erfið mál.

En baráttan gegn einelti krefst bæði þekkingar og þrautseigju, svo vísað sé til einkunnarorða menntastefnunnar, og þarf því að vera viðvarandi verkefni skólasamfélagsins alls. Með vísan til framangreinds eru ákveðnar blikur á lofti um að staða þessa málaflokks fari versnandi. Að mati sambandsins þarf því að bregðast við og leggja mat á það hvort núverandi umgjörð og verkferlar eineltismála hafi skilað tilætluðum árangri og þá jafnframt hvaða breytingar er nauðsynlegt að gera.

Með vísan til alls framangreinds leggur sambandið til að nefndin beini því til mennta- og menningarmálaráðherra að endurskoðun á umgjörð eineltismála verði hluti af fyrstu aðgerðaáætlun ráðherra á grundvelli menntastefnunnar og lýsir sambandið sig reiðubúið til samstarfs við ráðuneytið um útfærslu hennar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs